



Greinargerð með fjárhagsáætlun 2017-2020

Það stefnir í áframhaldandi uppbyggingu 2017 í Skaftárhreppi. Útlit er fyrir að a.m.k. átta nýjar íbúðir verði teknar í notkun næsta sumar sem kallar á framkvæmdir í gatnagerð í sveitarfélaginu og enn er eftirspurn eftir lóðum fyrir íbúðarhúsnæði. Einnig verður byrjað á byggingu gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs á næsta ári. Spár gera ráð fyrir áframhaldandi 25-30% vexti í ferðaþjónustu og mun áhrifa þess gæta í Skaftárhreppi líkt og víðar á Suðurlandi. Íbúafjöldi hefur verið hægt vaxandi undanfarin ár en íbúum hefur fjölgað um u.þ.b. 2% á ári frá 2013. Í júlí 2016 var íbúafjöldi 490 en 1. janúar 2016 voru íbúar 470.

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2017 fyrir samantekin A og B hluta:

- Niðurstaða án fjármagnsliða 23.461 þús.kr.
- Fjármagnsliðir 12.486 þús.kr
- Rekstrarniðurstaða 10.975 þús.kr.
- Veltufé frá rekstri 34.155 þús.kr.

Ekki er gert ráð fyrir nýjum lántökum á tímabilinu heldur verða fjárfestingar fjármagnaðar með handbæru fé. Fjárfestingar eru áætlaðar 27.200 þús.kr.

Fjögurra ára áætlun er gerð á föstu verðlagi og miðast við áætlun 2017.

Í greinargerðinni er farið yfir helstu forsendur fjárhagsáætlunar og um áætlanir einstakra málaflokka.

Helstu forsendur fjárhagsáætlunar 2017 og þriggja ára áætlunar 2017-2020

Reiknað verður með 3,9 % almennum verðlagsbreytingum 2017 og öðrum verðlagsbreytingum samræmi við þjóðhagsspá Hagsstofu Íslands til 2021. Launabreytingar eru áætlaðar 6,3%.

Skatttekjur

Útsvar

Útsvarshlutfall verður áfram í hámarki eða 14,52%. Hækkun útsvars verður um 8,3% miðað við áætlun um fjölgun starfa, launaskrið og áætlaðar launabreytingar.

Fasteignaskattur

Hækkun á fasteignamati verður 6,3% sem mun skila sér til samsvarandi hækkunar á fasteignaskattstekjum sveitarfélagsins. Álagning vegna fasteignagjalda verður áfram sú sama og verið hefur;

Fasteignagjöld skv. a- lið, íbúðir og útihús, 0,625%

Fasteignagjöld skv. b- lið, opinbert húsnæði, 1,32%

Fasteignagjöld skv. c- lið, atvinnuhúsnæði, 1,65%

Holræsagjald verði 0,25% af fasteignamati húss og lóðar á Kirkjubæjarklaustri.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Ekki verða miklar breytingar á greiðslum frá Jöfnunarsjóði milli ára. Miðað við þá áætlun sem sjóðurinn sendi frá sér í nóvember sl. verður framlagið 2017 103.466 þús.kr.



Útgjaldaliðir

Félagsþjónusta

Gert er ráð fyrir aukningu í félagslegri heimaþjónustu í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á þjónustunni sem verið er að vinna að. Einnig verður áfram gert ráð fyrir niðurfærslu á viðskiptastöðu Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla við Skaftárhrepp og framlagi til heimilisins vegna húsaleigu.

Fræðslu- og uppeldismál

Kostnaður sveitarfélagsins vegna skólaþjónustu er að hækka um upb. 15% á milli ára og er það helst vegna aukinna stöðugilda m.a. vegna náms- og starfsráðgjafa.

Stöðugildum hefur verið fjölgað lítillega á Kærabæ úr 3,7 í 4 en einnig er gert ráð fyrir tölvukaupum fyrir leikskólann. Gera má ráð fyrir að kjarasamningar kennara hafi talsverð áhrif á rekstur grunnskólans á næsta ári sem brugðist verður við. Einnig er gert ráð fyrir kaupum á tölvum og tölvubúnaði fyrir grunnskólann. Keypt verður nýtt píanó fyrir tónlistarskólann en kvenfélagið Hvöt og kvenfélag Kirkjubæjarhrepps munu styrkja kaupin um 200 þús.

Meningarmál

Ákveðið hefur verið að hvíla Kammertónleikana sem haldnir hafa verið árlega undanfarin ár m.a. vegna dræmrar aðsóknar á hátíðina. Starfshlutfall bókavarðar á Héraðsbókasafninu fer ú 55% í 70 og verður opnunartími bókasafnsins aukin ásamt því sem gert er ráð fyrir kaupum á innanstokksmunum fyrir safnið. Gert er ráð fyrir minniháttar fjármagni til að ljúka við eldhúsið í félagsheimilinu Kirkjuhvoli. Áfram verður sótt um í húsafriðunarsjóð vegna Múlakotsskóla en stefnt er að því að nýir gluggar verði settir í húsið að hluta næsta sumar.

Æskulýðs- og íþróttamál

Gjaldskrá íþróttamiðstöðvar verður hækkuð frá 1. janúar en hún hefur staðið í stað undanfarin ár. Gert er ráð fyrir auknu fjármagni vegna hátíðahalda 17. júní 2017.

Brunamál og almannavarnir

Áfram verður gert ráð fyrir námskeiðskostnaði vegna slökkviliðsmanna ásamt endurnýjum á búnaði slökkviliðsins.

Hreinlætismál

Gjaldskrá vegna sorphirðu og sorpeyðingar mun hækka um 15% 1. janúar 2017. Þetta er gert til að mæta þeim útgjöldum sem fylgir rekstrinum og var fyrirséð við síðustu hækkun að þetta þyrfti að gerast í skrefum. Farið verður aftur í hreinsunaráttak sumarið 2017 og verður það með svipuðu sniði og síðasta sumar.

Skipulags- og byggingarmál

Gert er ráð fyrir að haldinn verði skipulagsdagur með íbúum í Skaftárhreppi á næsta ári. Stefnt er að því að ráð skipulags- og byggingarfulltrúa í fullt starf á næsta ári.

Umhverfismál

Ekki verður gert ráð fyrir vinnuskóla af hálfu sveitarfélagsins á næsta ári en auglýst verður eftir félagsamtökum til að taka að sér fegrun umhverfisins að slætti undanskildum.

Atvinnumál

Í fjárgirðingar og viðhald rétta verður gert ráð fyrir lagfæringu á Skaftárrétt en einnig er ráðgert að setja upp birgi bæði á austurafrétti og Skaftártunguafrétti ásamt minniháttar lagfæringu á girðingu milli Áar og Skálar. Einnig verður farið í viðhald Álftaversrétt og Grafarrétt. Framlög til annarra stofnanna verða eftirfarandi;

Katla jarðvangur er áætlað 2.500 þús.kr.



Skaftárhreppur

Friður og frumkraftar 1.000 þús.kr.

Kirkjubæjarstofa 1.500 þús.kr

Náttúrustofa Suðausturlands 3.400 þús.kr.

Sameiginlegur kostnaður

Fjárfesta þarf í nýju bókhaldskerfi þar sem hætt verður að þjónusta núverandi kerfi.

B-hluta fyrirtæki

Engar sérstakar fjárfestingar eru áætlaðar hjá B-hluta fyrirtækjum sveitarfélagsins en haldið verður áfram að skipta út baðkörum fyrir sturtur í þeim íbúðum sem eftir eru.

Framkvæmda og fjárfestingaráætlun

Alls er gert ráð fyrir fjárfestingum að fjárhæð 27,2 millj. kr á næsta ári en einnig verður unnið að ýmsu viðhaldi á húsnæði sem hýsir starfsemi sveitarfélagsins.

Farið verður í gatnagerð á Skaftárvöllum ásamt því að lokið verður við uppbyggingu gámasvæðisins á Iðjuvöllum. Mikið hefur verið kallað eftir lagfæringum á salernum í grunnskólanum ásamt því að koma þarf upp nýju kennslueldhúsi. Þarfagreining skólahúsnæðisins fór fram á þessu ári og verða valmöguleikar kostnaðargreindir og í framhaldinu kynntir á íbúafundi. Fara þarf í viðgerð á þaki íþróttamiðstöðvar ásamt málningarvinnu ásamt því að laga dúk í sundlaug. Gert er ráð fyrir að slökkviliðið selji tankbíl til að fjármagna kaup á öðrum slökkviliðsbíl

| Verkefni | Kostnaður í þús.kr |
|---------------------------------------|--------------------|
| Gatnagerð | 13.500 |
| Gámasvæði | 6.000 |
| Kirkjubæjarskóli | 7.550 |
| Íþróttamiðstöð og sundlaug | 4.700 |
| Félagsheimilið Kirkjuhvoll | 400 |
| Klausturvegur 15 - ráðhús | 1.000 |
| Heilsuleikskólinn Kæríbær | 450 |
| Múlakotsskóli | 500 |
| Mötuneyti | 350 |
| Kaup vegna slökkviliðs | 1.000 |
| Íbúðir Klausturhólum | 1.600 |
| Heildarkostnaður Skaftárhrepps | 37.050 |
| | |
| Þar af fjárfesting | 27.200 |